

Fundargerð 22. Skautapings ÍSS 2021

Þingforseti	Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK
Fundarritari	María Fortescue
Staðsetning	Húsnæði ÍSÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Dagsetning	1. maí 2021
Fundartími	11:30-16:00

Mál nr.	Dagskrá: Umræða, ákvarðanir, niðurstaða
1	Þingsetning: Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður ÍSS, flytur ávarp, setti þingið og bauð gesti velkomna.
2	Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar: Stjórn ÍSS leggur til þriggja manna kjörbréfanefnd: Hrafnhildi Guðjónsdóttur, SA Helga Pál Þórisson, Ösp Walesku Giraldo Þorsteinsson, Fjölur Tillaga samþykkt með lófataki. Voru þau beðin að taka til starfa Kjörbréfanefnd lauk störfum. Hrafnhildur Guðjónsdóttir fór yfir kjörbréf fundarins Skautafélag Reykjavíkur. Fjöldi iðkenda: 321 Fjöldi fulltrúa: 8 Elín Gautadóttir Anna Gígja Kristjánsdóttir Rut Hermannsdóttir Eva Dögg Benediktsdóttir Hrönn Þorgeirsdóttir Anna Kristín Jeppesen / varamaður: Aðalheiður Atladóttir Alida Ósk Smáradóttir Linda Vilhjálmisdóttir Fjölur listskautadeild. Fjöldi iðkenda: 133 Fjöldi fulltrúa: 4 Waleska Giraldo Þorsteinsson Gunnar Traustason Ísabella Andrésdóttir Wendy Richards Öspin listskautadeild. Fjöldi iðkenda: 27 Fjöldi fulltrúa: 2 Helga Kirstín Olsen Helgi Páll Þórisson Skautafélag Akureyrar. Fjöldi iðkenda: 70 Fjöldi fulltrúa: 3 Hrafnhildur Guðjónsdóttir Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir María Indriðadóttir

3	<p>Kosning þingforseta: Formaður lagði fram tillögu að þingforseta; Valdimar Leó Friðriksson, formann UMSK. Tillaga samþykkt með lófataki.</p> <p>Þingforseti þakkar traustið og tók til starfa. Þingforseti kvað þingið löglega boðað samkvæmt lögum ÍSS. Engar athugasemdir. Þingið telst löglega boðað.</p>
4	<p>Kosning þingritara: Þingforseti bar fram tillögu um þingritara; Maríu Fortescue, ritara stjórnar ÍSS. Tillaga samþykkt með lófataki.</p> <p>María Fortescue tekur til starfa að ósk þingforseta.</p>
5	<p>Skýrsla stjórnar lögð fram: Þingforseti gaf formanni, Svövu Hróðný Jónsdóttur orðið og flutti hún skýrslu stjórnar. Formaður rakti helstu viðburði í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári. Tímabilið hefur verið óvenjulegt sökum Covid-19 en ný stjórn var ekki kosin fyrr en í september þar sem fresta þurfti Skautþingi 2020 vegna samkomutakmarkanna. Nefndastarf var öflugt á tímabilinu og miklum tíma var eytt í þróunarstörf s.s. skautahlaup, synchro og rúlluskautaiþróttir. Ársskýrslan og reikningar ÍSS 2020 lágu á borðum þingfulltrúa og gátu þingfulltrúar fylgst með yfirferð formanns.</p>
6	<p>Skoðaðir reikningar ÍSS lagðir fram: Stefán Hjaltalín, gjaldkeri ÍSS, gerir grein fyrir ársreikningum. Gert var grein fyrir því að „falinn“ kostnaður afreksskautara hefur verið bætt við reikninginn og hækka því rekstrartekjur en gjöldin lækka. Það skilaði sér í meiri styrkjum. Ekki hefur verið hægt að flytja inn erlenda fagaðila og því afkoman hærri en vant er. Breytingar á efnahagsreikning má rekja til þess að ÍSS hefur uppfært dómaraþúnað sinn.</p>
7	<p>Umræður og samþykkt reikninga og skýrslu stjórnar: Elín Gautadóttir kveður sér hljóðs. Spyr um hvað felst í skammtímakröfum. Stefán Hjaltalín, gjaldkeri, svarar spurningunni.</p> <p>Elín Gautadóttir kveður sér hljóðs. Gerir athugasemd við sundurliðun „félög og iðkendur“ þar stendur beinn kostnaður en ætti að vera tekjur.</p> <p>Elín Gautadóttir kveður sér hljóðs. Spyr afhverju ISU styrkurinn hafi verið hærri. Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður ÍSS, svarar spurningunni og segir það vera vegna Covid-19 og gerir grein fyrir að íslenska ríkið greiddi einnig auka styrk vegna Covid-19.</p> <p>Stefán Hjaltalín, gjaldkeri, bendir á að Lottótekjur voru einnig hærri en áður.</p> <p>Elín Gautadóttir hveður sér hljóðs. Spyr í hverju felst hækkun launa. Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður ÍSS, svarar spurningunni og segir það vera vegna hækkaðra prósentu starfsmanns á skrifstofu.</p> <p>Borið undir samþykkt. Reikningar samþykktir samhljóða með atkvæðagreiðslu.</p>
8	<p>Ávarp gesta:</p> <p>Inga Þóra Ingvarsdóttir, formaður Mótanefndar</p>

	<p>Heiðrar sjálfboðaliða. Jóhanna Helga Þorkelsdóttir fær viðurkenningu Mótanefndar fyrir óeigingjarnt starf í þágu mótamála. Jóhanna þakkar fyrir viðurkenninguna.</p> <p>Kristín Ómarsdóttir, formaður Skautafélagsins Jökuls Kynnir nýtt félag sem stofnað var í upphafi árs, félagið sérhæfir sig í samhæfðum skautadans. Mikil vinna hefur verið sett í stofnun félagsins sem einnig hefur rúlluskautadeild. Ístími er af skorum skammti og er það því mikilvæg viðbót.</p> <p>Guðrún Brynjólfssdóttir, meðlimur Dómara- og tækninefndar kveður sér hljóðs. Spyr hvort markmið Jökuls sé að verða aðili að ÍSS. Kristín svarar því játandi og segir ferlið vera hafið.</p>
9	<p>Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram: Stefán Hjaltalín, gjaldkeri ÍSS, leggur fram fjárhagsáætlun ársins 2021. Fjárhagsáætlun fer fyrir nefnd.</p> <p>Guðbjörg Guttormsdóttir kveður sér hljóðs. Spyr um rekstartölur félaga og iðkenda, hver sé útskýringin fyrir muninum milli 2020 og 2021. Svava Hróðný Jónsdóttir gerir grein fyrir því að þar sé um að ræða inn og út kostnað.</p> <p>Elín Gautadóttir kveður sér hljóðs. Spyr hverjar séu aðrar tekjur. Svava Hróðný Jónsdóttir svarar að það sé eitthvað sem sambandið hefur lagt út fyrir og fær endurgreitt.</p> <p>Elín Gautadóttir kveður sér hljóðs. Bendir á að ekki séu réttar tölur fyrir 2019. Stuðst var við áætlun 2019 sem þarf að breyta og setja inn rauntölur. Verður gert í hléi.</p> <p>Vísað í Fjárlaganefnd.</p> <p>Þingforseti gerir grein fyrir breytingu á hefðbundinni dagskrá. Vegna takmarkana munu allir þingfulltrúar taka þátt í öllum nefndum úr sínum sætum, umræður fara fram úr pontu.</p>
	Hlé
10	<p>Fjárhagsáætlun lögð fram.</p> <p>Samþykkt samhljóða.</p>
11	<p>Lagabreytingatillögur: Þóra Gunnarsdóttir, formaður laganefndar, gerir grein fyrir lagabreytingum og rökstuðningi á bak við þær. Kosið strax að umræðum loknum vegna óhefðbundins sniðs á nefndarstörfum.</p> <p>Engar lagabreytingatillögur voru lagðar fram af Stjórn ÍSS. Bráðabirgða ákvæði við 12. gr skal fellt úr gildi.</p> <p>Skautabíng 2020 samþykkti að millipínganefnd myndi starfa milli Skautabínga með það verkefni að breyta 5. gr laga ÍSS.</p> <p>María Fortescue, formaður millipínganefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Ekki var vilji hjá SR til þess að breyta greininni á neinn hátt og var nefndin því leyst upp án þess að skila frá sér tillögu að lagabreytingu.</p>

	<p>Hrafnhildur Guðjónsdóttir kveður sér hljóðs. Spyr hvort ekki hafi verið sétt að fulltrúi SR hafi lagt fram að stofnuð yrði millipinganevnd. María segir það vera rétt.</p> <p>Eva Dögg Benediktsdóttir kveður sér hljóðs. Spyr hvort til séu dæmi um að SR hafi beitt þessu valdi sínu til þess að stoppa mál. Þóra Gunnarsdóttir, formaður Laganefndar, svarar spurningunni játandi og vísar í tillögu um skipan fastanefnda, sú tillaga var svo sett í millipinganevnd og samþykkt ári síðar.</p> <p>Eva Dögg Benediktsdóttir kveður sér hljóðs. SR upplifir það heldur vera í hina áttina þ.e.a.s. hin félögin taka sig saman og kusu þannig seinast að SR átti engan fulltrúa í stjórn. María Fortscue svarar og áréttar að stjórnarmenn ÍSS séu ekki fulltrúar félaganna heldur sé um einstaklingskosningar að ræða og að starf stjórnarmanna ÍSS sé að vinna að hagsmunum skautahreyfingarinnar en ekki einstaks aðildarfélags.</p> <p>Eva Dögg Benediktsdóttir kveður sér hljóðs. Bendir á að rökin um að SA geti ekki stækkað vegna fjölda íbúa á svæðinu en þrátt fyrir það séu þau með stærsta hokki félagið. Hrafnhildur Guðjónsdóttir óskar eftir að fá að svara og útskýrir að munurinn snúi ekki að fjölda skv. búsetu, heldur um vinsældir og virkni félagsins. Eva Dögg bætir við að SR hafi kannað hreyfingu á fjölda fulltrúa í öðrum sérsamböndum. Þóra Gunnarsdóttir svarar því.</p> <p>María Fortescue stöðvar umræður þar sem þær eiga heima undir umræðum varðandi breytingatillögu á 5. gr laga ÍSS en ekki starf millipinganevndar.</p>
	<p>Hrafnhildur Guðjónsdóttir gerir grein fyrir breytingatillögu á <u>5.gr</u> laga ÍSS lögð fram af SA, Fjölnir og Ösp.</p> <p>5. grein</p> <p>Valdsvið og fulltrúar Skautaping fer með æðsta vald í málefnum ÍSS.</p> <p>Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttafélögum sem mynda ÍSS. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu virkra iðkenda skautaíþróttar, sbr. 2. grein. Virkir iðkendar teljast þeir sem greidd voru iðkendagjöld fyrir á almanaksárinu fyrir þing. Hver iðkandi telst aðeins einu sinni á almanaksárinu samkvæmt nafnalistum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Fyrir fyrstu 50 iðkendum koma 2 fulltrúar. 2. atkvæði fyrir fyrstu 50 iðkendum. 2. Síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50. 1 viðbótaratkvæði fyrir 51-100. 3. 1 viðbótaratkvæði fyrir 101-200. 4. 1 viðbótaratkvæði fyrir næstu 200 þar á eftir. <p>Þóra Gunnarsdóttir, formaður Laganefndar ÍSS, útskýrir hvað breytingartillagan felur í sér. Laganefnd ÍSS setti upp tvær útfærslur á tillögunni, Þóra gerir grein fyrir þeim.</p> <p>10 mínútna hlé gert svo félögin geti kynnt sér útfærslurnar áður en kosið verður um þær.</p> <p>Helgi Páll Þórisson kveður sér orðs. Gerir grein fyrir skoðun Asparinnar, og hvaða útfærslu þau hallast að.</p>

	<p>Hrafnhildur Guðjónsdóttir kveður sér orðs. Tekur undir orð Helga Páls.</p> <p>Waleksa Giraldo Þorsteinsson kveður sér orðs. Tekur einnig undir hjá Helga Páli.</p> <p>Kosið er um útfærsluna Með: 9 atkvæði Á móti: 8 atkvæði</p> <p>Tillaga felld</p> <p>Þóra Gunnarsdóttir kveður sér orðs. Hvetur félögin til þess að halda áfram að vinna að því að þessu verði breytt.</p>
12	<p>Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir:</p> <p>Afreksstefna Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður, fjallar um afreksstefnu og markmið hennar.</p> <p>Þóra Gunnarsdóttir kveður sér orðs. Kemur með athugasemd varðandi flokkun á Challenger Series. Helga Olsen svarar athugasemdinni og vísar í reglur ÍSí.</p> <p>Rut Hermannsdóttir kveður sér hljós. Spyr um hæfileikamótun, hvers vegna þarf að vera orðinn 13 ára. Guðbjörg Guttormsdóttir svarar með tilvísun í Afreksstefnu ÍSí. Formaður tjáir þingi að stjórn muni skoða þetta fyrir næsta þing.</p> <p>Elín Gautadóttir kveður sér hljóðs. SR getur ekki uppfyllt lið 3.2 í Afreksstefnunni þar sem aðstæður hamli SR að stækka frekar.</p> <p>Afreksstefna borin upp til atkvæða. samþykkt samhljóða</p> <p>Reglur um meðferð kærumála. Gunnar Traustason gerir grein fyrir kærumáli sem átti sér stað á tímabilinu sem er að líða. Ræðir reglur ISU og annarra landa. Veltir fyrir sér hvort fylgja eigi reglum ISU á íslenskum mótum. Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður, þakkar fyrir ábendinguna og vísar til stjórnar.</p> <p>Engar aðrar tillögur hafa borist.</p>
13-14	<p>Nefndir starfa og gera grein fyrir störfum sínum</p> <p>Fjárlaganefnd: Stefán Hjaltalín gerir grein fyrir niðurstöðum nefndar. Gott starf sem unnið hefur verið. Engar athugasemdir og leggur nefndin til að áætlun sé samþykkt.</p> <p>Laganefnd: Þóra Gunnarsdóttir gerir grein fyrir niðurstöðu nefndar. Ein breytingartillaga hafði borist. Ekki náðist samstaða um hana ákveðið var að leggja hana fyrir fundinn.</p>

	<p>Allsherjarnefnd: Svava Hróðný Jónsdóttir gerir grein fyrir starfi. Nefndin leggur til að tillögur verði samþykktar. Borið upp í heilu lagi.</p>
15	<p>Umræður um töllögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær</p> <p>Fjárlaganefnd: Áætlun samþykkt samhljóða</p> <p>Allsherjarnefnd Afreksstefna borin upp í heilu lagi Samþykkt samhljóða</p> <p>Laganefnd</p> <p>5. grein</p> <p>Valdsvið og fulltrúar Skautaþing fer með æðsta vald í málefnum ÍSS.</p> <p>Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttafélögum sem mynda ÍSS. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu virkra iðkenda skautaíþróttar, sbr. 2. grein. Virkir iðkendar teljast þeir sem greidd voru iðkendagjöld fyrir á almanaksárinu fyrir þing. Hver iðkandi telst aðeins einu sinni á almanaksárinu samkvæmt nafnalistum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Fyrir fyrstu 50 iðkendar koma 2 fulltrúar. 2 atkvæði fyrir fyrstu 50 iðkendar. 2. Síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50. 1 viðbótaratkvæði fyrir 51-100. 3. 1 viðbótaratkvæði fyrir 101-200. 4. 1 viðbótaratkvæði fyrir næstu 200 þar á eftir. <p>- sjá lið 11.</p>
Önnur mál	
18	<p>Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar (skv. <u>10.gr.</u> laga) Kosið er um: Formann, tvo aðila í stjórn og einn varamann</p> <p>Formaður: Svava Hróðný Jónsdóttir. Sjálfkjörin formaður ÍSS.</p> <p>Tveir aðilar í aðalstjórn: Hulda Líf Harðardóttir og Ingibjörg Pálsdóttir. Sjálfkjörnar</p> <p>Einn varamaður: Hörður Sigurðsson Sjálfkjörinn</p>

19	<p>Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga: Jóna Jónsdóttir og Heba Finnsdóttir Samþykkt.</p>
20	<p>Þingslit</p> <p>Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður, með aðstoð Maríu Fortescue, ritara, veitir Helgu Olsen silfurmerki ÍSS. Helga þakkar fyrir sig og þakkaði fyrir góðan tíma.</p> <p>Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður, með aðstoð Maríu Fortescue, ritara, veitir Þóru Gunnarsdóttur silfurmerki ÍSS. Þóra þakkar fyrir sig og þakkaði fyrir góðan tíma.</p> <p>Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður, með aðstoð Maríu Fortescue, ritara, veitir Sigrúnu Ingu Mogensen silfurmerki ÍSS. Sigrún þakkar fyrir sig og þakkaði fyrir góðan tíma.</p> <p>Svava Hróðný Jónsdóttir, formaður, með aðstoð Maríu Fortescue, ritara, veitir Erlendínu Kristjánsson silfurmerki ÍSS. Elizabeth Tinna, dóttir Erlendínu, tekur við verðlaununum fyrir hönd Erlendínu.</p> <p>Hafsteinn Pálsson, 2. Varaforseti ÍSÍ, flytur kveðjur og þakkar fyrir samstarfið undanfarin ár. Margt hefur verið óvenjulegt s.s. fjarfundir vegna Covid-19. Það ber að þakka fyrir þann mikla stuðning sem ríkisstjórnin hefur sýnt íþróttahreyfingunni í faraldrinum. Skautasambandið hefur eflst og dafnað sem eru mikil gleðitíðindi. Óskar ÍSS til hamingju með þá þróun sem hefur átt sér stað.</p> <p>ÍSÍ heiðrar Guðbjörtu Erlendsdóttir, fyrrverandi formann ÍSS, með gullmerki ÍSÍ.</p> <p>Fráfarandi stjórnarmeðlimir er kvaddir og þakkað fyrir með blómvendi.</p> <p>Formaður þakkar fyrir þingið og leggur til að starfshópur verði myndaður - slítur þingi.</p> <p>Þingi slitið kl.16:00.</p>